

57 — *Brjef innanháskisráðgjafarinnar til landshöfðingja um skaðabætur fyrir*
 27. febr. að breytt var út afferða-áætlan þóstgufuskipsins Arktúrusar. —
 Í þóknanlegu brjefi frá 28. nóvbr. f. á hafið þjer, herra landshöfðingi, minnzt á skaða-
 bótakröfur amtráðsins í norður- og austurumdæminu og kand. theol. Lárusar Halldórssonar fyrir tilkostnað nokkurn á Seyðisfirði, er varð til ónýtis vegna þess, að gufuskipið
 Arktúrus kom ekki við á firði þessum á 4. ferð sinni frá Íslandi í fyrra.

Út af þessu skal ekki látið hjálíða að tjá yður, að ráðgjafinn getur eigi talið
 þóststjórnina skylda að greiða slíkar skaðabætur; en vilji áminnzt amtsráð og kand.
 Lárus Halldórsson hefja málsókn og láta dóm ganga um skaðabótakröfuna, mun ráðgjaf-
 inn eigi mæla í móti því, að málin verði höfðuð gegn yfirstjórn þóst- og telegrafs- mál-
 anna.

Að því er ráða má af því, sem stendur í brjefi yðar, hafið þjer viljað finna skaða-
 bótakröfunni stoð í ummælum ráðgjafans í brjefi frá 1. nóvbr. f. á., og þykir ráðgjafan-
 um því rjettast að bæta því við, að það er hvorttveggja, að hann hafið ekki ætlað sjer
 að láta í ljósi álit sitt um skaðabótamálið í það sinn, enda er að því er virðist eigi þann
 veg hagað orðum í áminnztu brjefi, að tilefni sje til að skilja þau á þá leið.

58 — *Brjef landshöfðingja til stiðtsyfírváldanna um prentun á Balslevs biblí-*
 20. marz íusögum. — Í brjefi frá 2. p. m. hafið þjer skýrt mjer frá, að með því að beiðni
 hafi komið frá prófasti um að fá sem allra fyrst 50 expl. af Balslevs biblíusögum, en hið
 síðasta upplag þessarar bókar reyndist þá vera uppgengið, hafið þjer sámið við prentara
 Einar Þórðarson um að gefa út á sinn kostnað og fara þegar að prenta nýtt upplag af
 bók þessari, sem skyldi vera að stærð 1400 expl. og seljast með sama verði og síðasta
 útgáfa hennar hefði verið seld, eða fyrir 50 aura hvert expl. óinnbundið. Hafið þjer, með
 því að forlagsrjetturinn til nefndrar bókar er eign landssjóðsins, beiðzt samþykkis míns
 til þessarar ráðstafanar, og getið þess, að prentarinn því að eins hafi verið áánlegur til
 að selja bókina fyrir sama verð og áður, að ekkert þyrfti að greiða eiganda forlagsrjett-
 arins fyrir útgáfu hennar. Enda ætlið þjer og, að útgáfa bókarinnar á kostnað landssjóðs
 hefði eigi haft neinn ágóða í för með sjer fyrir nefndan sjóð, nema því að eins að sölu-
 verð bókarinnar hefði verið hækkað.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg eptir málavöxt-
 um samþykki það, sem þjer þannig hafið gjört.

59 — *Brjef landshöfðingja til stiðtsyfírváldanna um þóknun fyrir bókavörzlu*
 20. marz við prestaskólann. — Með brjefi frá 2. p. m. hafa stiðtsyfírvöldin sent mjer
 beiðni forstöðumanns prestaskólans um það, að umsjónarmanni hins lærða skóla, Jóni
 Árnasyni, verði veittar 40 kr. um árið í þóknun fyrir að hafa á hendi umsjón og útlán
 á bókum prestaskólans, á meðan þær hafi húsrúm í bókhöðu hins lærða skóla, og að
 þessu gjaldi verði þetta ár ávísað honum af fje því, sem ætlað er til bókakaupa
 handa prestaskólanum, og hafið þjer mælt fram með, að þessi beiðni verði veitt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með
 því að ekki virðist vera heimild til að greiða slíka þóknun af fje því, sem beinum orðum er
 veitt til bókakaupa, samkv. 13. gr. B I b. 3. í fjárlögunum, og með því að laun þau,
 sem bera umsjónarmanninum við bókasafn hins lærða skóla, er bókasafn prestaskólans

virðist hafa verið sameinað við fyrst um sinn, verða að vera bundin við ákvörðun fjárlaganna, sje jeg mjer ekki fært að veita nefnda þóknun. **59**
20. marz

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vegabætur á Holtavörðuheidi.* — Um leið og þjer senduð mjer reikning fyrir vegabótum þeim, er unnar hafa verið í fyrra á Holtavörðuheidi og kostað hafa 1891 kr., hafið þjer, herra amtmaður, í brjefi frá 31. jan. þ. á. lagt það til, að vegabótum þessum verði haldið áfram í sumar; og að til þess verði veittar 1600 kr., teljið þjer líklegt að megninu af vegabótunum á fjallinu sjálfu þá verði komið af, jafnvel þótt nokkru fje þurfi að verja til að fullgjöra þá kafla vegarins, sem verið var að gjöra við í sumar er leið. **60**
22. marz

Tillögur þessar eru hjer með samþykktar, og eruð þjer, herra amtmaður, þjónustusamlega beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem á þarf að halda í þessu efni, og senda mjer á sínum tíma skoðunargjörð á því, sem unnið hefir verið, og reikning um kostnað við það.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um vegabætur á Vatnsskarði og Öxnadalsheidi.* — Samkvæmt tillögum sýslunefndanna í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum hefi jeg veitt af fje því, sem nefnt er í 10. gr. C 6 fjárlaganna, 1000 kr. til vegabóta á Öxnadalsheidi, 400 kr. til vegabóta á fjallveginum yfir Vatnsskarð og 200 kr. til viðurhalds á vegabótum, er áður hafa verið gjörðar á þessum tveimur fjallvegum. Skora jeg þjónustusamlega á yður, herra amtmaður, að hlutast til um, að vegabætur þessar verði unnar á næsta sumri, á sem haganlegastan, traustastan og kostnaðarminnstan hátt, og býst jeg við að fá að afloknu verki skoðunargjörð á því og reikning um kostnaðinn. **61**
24. marz

Auglýsing.

Samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 7. desember f. á. eru með þessari auglýsingu hin eldri íslenzku ríkismyntar-póstmerki (skildinga-póstmerki) innkölluð með missiris fyrirvara, og verða þann tíma látni í skiptum fyrir þau nýu krónumyntar-póstmerki (aura-póstmerki) á viðkomandi pósthöfðum. **62**
27. marz

Að misseri liðnu skulu öll þau skildinga-póstmerki., er ekki hafa verið innleyst, vera ógild og ónýt.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. marz 1877.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu 2000 kr. meðal fátækra brauða.* — Í brjefi frá 3. þ. m. hafið þjer, herra biskup, tekið fram, að eptir að uppbót sú, sem ákveðin var með brjefi landshöfðingja frá 17. janúar f. á. handa Staðar-prestakalli í Aðalvík, hafði verið hækkuð upp í 400 kr., og Kviabekkjar, Svalbarðs, Bergstaða og Reynisþinga prestaköll hafa verið veitt, eins og þau voru bætt með nefndu brjefi, eru enn eptir 800 kr. fyrir árið 1877 af því fje, er 13. gr. A. b. 1. í fjárlögum til tekur handa fátækustu brauðunum, og leggið þjer til, að þeim verði þannig úthlutað: **63**
5. apríl